



Sími á ritstjórn og skrifstofu:

10100

Morgunblaðið

# Morgunblaðið

Síminn á afgreiðslunni er

83033

Morgunblaðið



FIMMTUDAGUR 2. SEPTEMBER 1982

## Siglósíld:

# Fékk milljón króna lán hjá ríkissjóði

Framleiðsla á gaffalbitum hefst um miðjan september

FJÁRHAGSVANDRÆÐI Siglósíldar á Siglufirði hafa verið leyst um tíma, samkvæmt upplýsingum sem Morgunblaðið fékk hjá Pálma Vilhjálmssyni framkvæmdastjóra Siglósíldar í gær, en ríkissjóður útvegaði Siglósíld einnar milljónar króna lán til rekstrar fyrirtækisins.

Pálmi sagði í samtali við Morgunblaðið, að framleiðsla í verksmiðjunni hæfist í þar næstu viku, en í næstu viku verður farið að stansa dósir. Siglósíld hefdi fengið bráðabirgða fyrirgreiðslu frá ríkissjóði og taldi Pálmi að hún myndi duga til að halda verksmiðjunni gangandi fram yfir áramót. Um 70 manns fá vinnu við framleiðslu á gaffalbitunum, en Pálmi sagði að verið gæti að erfitt yrði að fá fólk til starfa eftir þá löngu rekstrarstöðvun sem verið hefði. Hins vegar væri ekki fyrirsjáanleg atvinna við gaffalbita nema í tvo mánuði. Þá sagði hann að 28 manns fengju vinnu við rækjuframleiðsluna.

Pálmi sagði að fyrst yrði farið í að framleiða gaffalbita og síðan

yrði farið í rækjuvinnslu í lok september, en Siglósíld á nú um 200 tonn af óunninni rækju sem keypt var á sínum tíma og geymd hefur verið í frystigeymslum. Hann taldi að nú væri góður markaður fyrir niðursoðna rækju, en vísaði á Sölustofnun lagmetis varðandi söluhorfur á gaffalbitum. Pálmi sagði að rækjan færi á Evrópumarkað og gæti fyrirtækið selt þangað alla sína framleiðslu og meira til, ef því væri að skipta.

„Við lítum björtum augum á framtíðina eins og er og sérstaklega ef hægt er að koma rækjuvinnslunni af stað, þá er það af hinu góða. Maður verður að reyna að vera hjartsýnn, það þýðir ekkert annað,“ sagði Pálmi Vilhjálmsson.



Morgunblaðið/Emilía

## Thorvaldsen kominn heim

Bertel Thorvaldsen er kominn heim í list sinni til Íslands, því á morgun verður opnuð á Kjarvalsstöðum fyrsta sýningin á verkum hans héraendis. Thorvaldsen, sem uppi var á árunum 1770 til 1844, var af íslensku faderni, þótt aldrei kæmi hann til Íslands. — Þessa mynd tók Emilía Björnsdóttir af einu verka hans í gær, Byron lávarði, þar sem hann lá vel innpakkaður í kassa á Kjarvalsstöðum og beið þess að fá stall við hæfi í sýningarsölunum.

— Sjá nánar á miðopnu blaðsins í dag.



Morgunblaðið/Kristján

## Jafntefli

Ísland og Holland skildu jöfn, 1—1, í landsleik í knattspyrnu sem fram fór á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Leikurinn var liður í undanriðlakeppni Evrópukeppni landsliða. Ísland náði forystunni í leiknum og má sjá aðdragandan að markinu á myndinni hér að ofan. Arnór Guðjohnsen hefur leikið á þrjá hollenska leikmenn, en hann sendi knöttinn síðan til Atla Eðvaldssonar sem skoraði.

Sjá nánar á bls. 46.

Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur:

# Minni á að samningar eru lausir 1. sept.

„EF LITID er til síðustu áramóta liggur það ljóst fyrir, að fiskverð hafði þá dregið aftur úr miðað við almennar launahækkunir í landinu um 15%. Með þessari fiskverðsákvörðun fiskkaupenda og oddamanns er munurinn enn aukinn og virðist þá vera um 30%. Í þessu dæmi er þá hvorki tekið tillit til aflaminnkunar né verðminni aflasamsetningar. Þessu mótmæla sjómenn harðlega og hvað verður í framhaldi af þessu af þeirra hálfu er ekki hægt að segja á þessari stundu, en ég vil minna á að kjarasamningar fiskimanna eru lausir frá og með 1. september,“ sagði Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur og varaformaður Sjómannasambands Íslands, er Morgunblaðið innti hann álitis á 16% fiskverðshækkuninni.

Hvers vegna hefur fiskverð þróast í þessa átt að þínu mati?

„Það er vegna þess, að þegar vel hefur árað og aflazt, hafa ráðherrar sagt, að fiskverðspróunin þyrfti ekki að fylgja hækkun launa í

landi vegna aflaaukningar. Vegna þess bjóst maður við því, að sömu formerki yrðu notuð þegar aflaminnkun yrði, það er að segja að þá hækkaði fiskverð heldur meira en laun fólks í landi. Það hefur ekki gerzt og sá mismunur á fiskverði, sem sjómönnum er greitt og á því, sem hefði átt að vera, hefur ekki verið notaður til að byggja upp verðjöfnunarsjóð.

Þá er eitt mál, sem sjómönnum sárnar verulega. Það er búið að stilla þeim upp eiginlega gegn ákveðnum hópi þess fólks, sem vinnur við skipaðnað og nýsmíði.

Það eru líklega tvö ár síðan sjómenn fóru að vara við þeirri þróun, sem var gegndarlaus innflutningur gamalla og nýrra skipa. Þessum aðvörðunum okkar hefur í engu verið sinnt og innflutningur jafnvel frekar verið aukinn eftir einhverjum hundakúnsta reglum, sem enginn skilur. Þess vegna er nú komið svo að minna er til skiptanna á miðunum heldur en hefði verið, ef á okkar mál hefði verið hlýtt. Síðan snúa ráðmenn þessu við með efnahagsáðgerðum ríkisstjórnarinnar og segja: Engin ný fiskiskip, hvorki smíðuð né innflutt og segja að þetta sé að ósk sjómannasamtakanna. Þarna er um svo fátalleg vinnubrögð að ræða, að maður er alveg dolfallinn yfir þessu. Þarna er verið að stilla sjómönnum gegn þeim, sem hafa sitt lífbrauð af nýbyggingu skipa

hér á landi. Staðreynd málsins er sú, að við höfum meðal annars mótmælt innflutningi eldgamalla skipa, sem ekki eru í neinum takt við tíman og nóg eru slysin á sjó, svo við séum ekki að kalla aukningu þeirra yfir okkur með innflutningi úreltra og gamalla skipa. Auðvitað vilja sjómenn eðlilega endurnýjun fiskiskipafloftans, en ekki stækkun hans með kaupum á gömlum skipum,“ sagði Guðmundur.

## Starfsmenn BÚR skora á Guðmund J. að greiða atkvæði gegn bráðabirgðalögum á Alþingi

MORGUNBLAÐINU hefur borizt undirskriftalisti 50 starfsmanna í saltfisk- og skreidarverkun, á lager og verkstæði Bæjarútgerðar Reykjavíkur, þar sem skorað er á Guðmund J. Guðmundsson, alþingismann og formann Dagsbrúnar, „að greiða atkvæði á Alþingi gegn bráðabirgðalögum þeim, sem ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen hefur beitt sér fyrir á þessu sumri og innihalda ákvæði um skerðingu umsaminna verðbóta á laun okkar á yfirstandandi samningstímabili,“ eins og segir í texta áskorunarinnar.

Samkvæmt upplýsingum aðstandanda undirskriftasöfnunarinnar hefur listinn yfir þá 50, sem undirrituðu áskorunina, verið afhentur skrifstofu Dagsbrúnar.

## Kjaraskerðingarnar 1. september og 1. desember

# Um 2.700—3.400 krónur á hvern vinnandi mann

LAUN landsmanna verða skert í námunda við 10% 1. desember nk., í samræmi við bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar um efnahagsáðgerðir, en í krónum talið er þetta á bilinu 190—240 milljónir króna, en heildarlaun í landinu eru talin vera á bilinu 1.900—2.400 milljónir króna.

Skerðingin á hvert einasta mannsbarn í landinu er því á bilinu 825 krónur til 1.050 krónur, en ef hins vegar aðeins eru tekin stöðugildi í landinu, en þau eru talin vera liðlega 100.000, þá er skerðingin á bilinu 1.900 krónur til 2.400 krónur á hvern starfandi mann.

Um þessi mánaðamót voru laun svo skert um 2,9%, eða 55,1—69,6 milljónir króna, samkvæmt lögum og samningum, sem þýðir það, að sé miðað við alla landsmenn, þá var skerðingin á bilinu 240—300 krónur á

hvert einasta mannsbarn. Ef hins vegar aðeins er miðað við stöðugildi, þá er skerðingin um þessi mánaðamót á bilinu 550—700 krónur á hvern vinnandi mann.

Ef heildarlaunaskerðingin um mánaðamótin er skoðuð var hún 4,29%, þ.e. umrædd 2,9% og síðan 1,39% vegna búvörufrádráttar, hækkunar á áfengi og vegna viðskiptakjararýrnunar.

Í krónum talið er þessi heildarskerðing nú um mánaðamótin

því liðlega 81,5 milljónir króna til tæplega 103 milljónir króna. Skerðingin á hvert einasta mannsbarn er því á bilinu 350—450 krónur, en sé aðeins miðað við stöðugildi, þá er skerðingin á bilinu 815—1.030 krónur á hvern vinnandi mann.

Séu heildarkjaraskerðingin nú um mánaðarmótin og væntanleg 10% skerðing 1. desember nk. skoðaðar saman, kemur í ljós, að laun á hvert einasta mannsbarn eru skert um tæplega 1.200 krónur til 1.500 krónur. Ef dæmið er hins vegar skoðað miðað við stöðugildi í landinu, þá er skerðingin í krónum talið á bilinu liðlega 2.700 krónur til liðlega 3.400 krónur á hvern starfandi mann.